

**Sp.**

**94. Tillaga til þingsályktunar**

**[87. mál]**

um lífeyrismál sjómanna.

Flm.: Svavar Gestsson, Skúli Alexandersson, Ragnar Arnalds,  
Steingrímur J. Sigfússon, Helgi Seljan, Garðar Sigurðsson  
og Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að athuga lífeyriskjör sjómanna og gera tillögu um samræmingu lífeyrisréttinda þeirra. Nefndin skal skipuð af ráðherra samkvæmt tilnefningum sjómannasamtakanna og samtaka útgerðarmanna, auk fulltrúa fjármálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og sjávarútvegsráðuneytis. Nefndin skal sérstaklega kanna mismunandi lífeyrisrétt sjómanna innan Lífeyrissjóðs sjómanna og mismunandi aðstöðu sjómanna til lífeyris við 60 ára aldur, svo og þann kostnaðarauka sem leiða kann af samræmingu lífeyrisréttinda og hvernig þeim kostnaði verður best mætt — þ. e. hvort það gerist með auknum iðgjaldatekjum lífeyrissjóðanna eða með öðrum hætti.

**Greinargerð.**

Tillagan um lífeyrismál sjómanna, sem hér er flutt, á sér nokkurn aðdraganda.

Fyrir nokkru, eða í tíð síðustu ríkisstjórnar, var tekin ákvörðun um að sjómenn gætu átt rétt til ellilífeyris við 60 ára aldur. Í þessu skyni var lögum um almannatryggingar breytt. Sama árið var tekin sú ákvörðun að þessi regla — um 60 ára aldur — tæki einnig gildi fyrir þá sjómenn sem eiga rétt til lífeyris innan Lífeyrissjóðs sjómanna. Síðan þessum lögum var breytt hefur fjöldi sjómanna notið þessarar réttarþótar. Með henni viðurkennir samfélagið að sjómennskan sé erfitt starf þannig að réttlætlanlegt sé að um sjómenn gildi aðrar reglur en um þá sem vinna í landi.

Þessar ákvarðanir urðu til þess að lífeyrismál sjómanna komust á nokkra hreyfingu. Meðal annars var á það bent að innan Lífeyrissjóðs sjómanna væri um nokkurn mismun að ræða á aðstöðu manna til lífeyris eftir því hvort um er að ræða bátasjómenn, farmenn eða togarasjómenn. Kemur þetta glögg fram í greinargerð, sem lögð var fyrir 13. þing Sjómannasambands Íslands, en þar segir:

„Til þess að gefa hugmynd um lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði sjómanna skulu tekin eftirfarandi dæmi:

**I. Ellilífeyrir.**

1) Bátasjómaður, sem fæddur er 1917 og hefur haft 300 skráningardaga á ári og hefur töku lífeyris við 65 ára aldur, fær ca. kr. 1 500 á mánuði, miðað við að hann hafi áunnið sér 0,900 stig að meðaltali á ári.

2) Farmaður, fæddur 1917, sem hafið hefur sjómennsku árið 1970, sem er sama ár og bátasjómenn gerðust aðilar að sjóðnum, og hefur töku lífeyris við 65 ára aldur, fær ca. kr. 3 200 á mánuði, miðað við að hann fái 2 stig á ári. Hafi hann verið á farskipum frá stofnun sjóðsins fær hann ca. kr. 6 300 á mánuði.

3) Togarasjómaður, fæddur 1917, sem hafið hefur sjómennsku árið 1970 og hefur töku lífeyris við 65 ára aldur, fær ca. kr. 4 700 á mánuði, miðað við að hann fái 3 stig á ári. Hafi hann verið á togurum frá stofnun sjóðsins 1958 fær hann ca. kr. 9 400 á mánuði.

4) Hæsti ellilífeyrisþegi í Lífeyrissjóði sjómanna fær kr. 12 047 á mánuði. Hann er fæddur 1920 og hóf töku lífeyris 61 árs gamall á grundvelli lækkunar lífeyrisaldurs úr 65 árum í 60 ár. Hann greiddi í sjóðinn á árunum 1958—1981 sem togarasjómaður, samtals 94,701 stig eða rúmlega 4 stig að meðaltali á ári, sem er ótrúlega mikið.

## II. Örorkulífeyrir.

Mörg atriði hafa áhrif á fjárhæð örorkulífeyris. Heildarstigainneign sjóðfélaga skiptir að sjálfsögðu máli, en einnig hefur aldur sjóðfélaga mikil áhrif svo og iðgjaldagreiðslur í sjóðinn síðustu árin fyrir orkutapið vegna framreiknings réttinda. Þá hefur það einnig áhrif hve mörg prósentustig örorkan er metin. Reynt verður að gefa hugmyndir um fjárhæðir með því að taka nokkur dæmi um örorkulífeyrisgreiðslur úr sjóðnum í október 1982.

1) A sjómaður á fragtskipum, fæddur 1929, greiddi í sjóðinn 1959—1973, samtals 21,948 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.4.1973, 44 ára gamall. Fær kr. 7 201 á mánuði.

2) B togarasjómaður, fæddur 1945, greiddi í sjóðinn 1962—1972, samtals 16,285 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.3.1974, 28 ára gamall. Fær kr. 10 463 á mánuði.

3) B togara- og bátasjómaður, fæddur 1957, greiddi í sjóðinn 1974—1980, samtals 5,845 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.1.1981, 24 ára gamall. Fær kr. 4 879 á mánuði.

4) J togaraskipstjóri, fæddur 1921, greiddi í sjóðinn 1958—1979, samtals 84,488 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.1.1981, 60 ára gamall. Fær kr. 12 301 á mánuði og er hæsti örorkulífeyrisþegi í sjóðnum.

5) K togarasjómaður, fæddur 1959, greiddi í sjóðinn 1978—1980 og átti auk þessi inni í öðrum sjóðum, samtals 8,014 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.1.1981, 21 árs gamall. Fær kr. 9 492 á mánuði.

6) B bátasjómaður, fæddur 1929, greiddi í sjóðinn 1970—1978, samtals 7,915 stig. Metinn 100% öryrki frá 1.6.1978, 48 ára gamall. Fær kr. 3 237 á mánuði.

Þá er greiddur barnalífeyrir með börnum örorkulífeyrisþega ef börnin eru yngri en 18 ára.

## III. Makalífeyrir.

Hér gildir það sama og um örorkulífeyrinn að margir þættir aðrir en heildarstigainneign hafa áhrif á fjárhæð makalífeyris, svo sem aldur sjóðfélaga þegar hann lætur lífið og iðgjaldagreiðslur síðustu árin fyrir andlát sjóðfélaga. Nokkur dæmi um greiðslur úr sjóðnum:

1) A, fædd 1913, ekkja G sem var togarasjómaður, fæddur 1907, dáinn 1974, 67 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1958—1974, samtals 46,987 stig. Ekkjan fær kr. 3 165 á mánuði.

2) A, fædd 1952, ekkja B sem var bátasjómaður, fæddur 1949, dáinn 1977, 28 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1970—1977, samtals 8,603 stig. Ekkjan fær kr. 3 039 á mánuði.

3) A, fædd 1911, ekkja A sem var togarasjómaður, fæddur 1907, öryrki frá 1969, dáinn 1973, 66 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1958—1969, samtals 22,885 stig. Ekkjan fær kr. 1 645 á mánuði.

4) A, fædd 1948, ekkja J sem var bátasjómaður, fæddur 1947, dáinn 1980, 33 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1971—1976, samtals 6,575 stig. Ekkjan fær kr. 443 á mánuði. Rétt er að geta þess hér að lífeyrir í þessu máli er greiddur einungis á grundvelli áunninna stiga og er ekki um neinn framreikning réttinda að ræða eins og í öllum hinum málunum þar sem sjóðfélagi hefur ekki náð 65 ára aldri.

5) H, fædd 1922, ekkja J sem var togarasjómaður (aðallega skipstjóri), fæddur 1927, öryrki frá 1974, dáinn 1975, 48 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1958—1973, samtals 46,756 stig. Ekkjan fær kr. 7 595 á mánuði.

6) I, fædd 1958, ekkja H sem var báta- og togarasjómaður, fæddur 1958, dáinn 1981, 23 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1974—1981, samtals 8,932 stig. Ekkjan fær kr. 3 334 á mánuði.

7) M, fædd 1942, ekkja F sem var togarasjómaður, fæddur 1937, dáinn 1977, 40 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1965—1976, samtals 24,692 stig. Ekkjan fær kr. 5 365 á mánuði.

8) V, fædd 1927, ekkja G sem var togarasjómaður (aðallega skipstjóri), fæddur 1927, öryrki frá 1975, dáinn 1981, 54 ára gamall. Hann greiddi í sjóðinn 1967—1975, samtals 39,295 stig. Ekkjan fær kr. 8 190 á mánuði og er hæsti makalífeyrisþegi í sjóðnum.

Auk þess er greiddur barnalífeyrir með börnum undir 18 ára aldri.“

Á 13. þingi Sjómannasambands Íslands var gerð ályktun um þessi mál, en þar segir:

„Auðsýnt er að misræmi á lífeyrisgreiðslum sjómanna er slíkt að stórra úrbóta er þörf. Mismunur á t. d. ellilífeyrisgreiðslum til bátasjómans annars vegar og togarasjómans hins vegar með sama starfstíma getur orðið allt að þrefaldur.

13. þing SSÍ telur að brýn þörf sé á að breyta iðgjaldagreiðslum bátasjómanna til samræmis, á þann veg að þær verði teknar af öllum launum eins og gert er hjá togara- og farskipamönnum.

Þingið ályktar að jafnerfitt starf og sjómannsstarfið er kalli á nauðsyn þess að taka ellilífeyris geti hafist við 55 ára aldur. En haldi sjómaður áfram að ávinna sér réttindi í sjóðnum eftir að hann hefur hafið töku lífeyris skulu stig hans reiknuð á ný við hver áramót.“

Nú hafa umræðurnar um lífeyrismál sjómanna ekki aðeins snúist um misræmi í lífeyrisrétti innan Lífeyrissjóðs sjómanna. Þar hefur fleira komið til og þá einkum það sem fyrst var nefnt, að eftir að tryggður var lífeyrir við 60 ára aldur í Lífeyrissjóði sjómanna og innan almannatrygginganna, hefur komið fram að fjöldi sjómanna, sem er innan almennu lífeyrissjóðanna, gerir auðvitað kröfur til sömu réttinda. Hér er því um vandasamt mál að ræða og flókið sem þarfnast úrlausnar. Allir, sem hafa tekið til máls, eru sammála um nauðsyn þess að sjómenn fái rétt til lífeyris við 60 ára aldur hvar sem þeir eru í lífeyrissjóði. Spurningin er þá um það hvernig á að greiða þann umframkostnað sem hlýst af 60 ára lífeyrisaldri sjómanna. Í almannatryggingunum er þessi kostnaður greiddur með beinum skattgreiðslum í gegnum ríkissjóð. Í Lífeyrissjóði sjómanna og öðrum lífeyrissjóðum er hins vegar um að ræða venjulegar iðgjaldagreiðslur — ekki hærrí en annars staðar. Ef 60 ára lífeyrisaldur á að verða almennur fyrir sjómenn verður því annað tveggja að gerast: að sjómenn greiði iðgjald af stærri hluta tekna sinna en verið hefur eða að gengið verði frá því að ríkissjóður greiði hluta af þessum kostnaði lífeyrissjóðanna við lægri lífeyrisaldur sjómanna.

Nauðsynlegt er að fá úr því skorið hið fyrsta hvor leiðin verður farin. Misréttið, sem nú er um að ræða, er óviðunandi. Hitt er einnig óviðunandi að ekki hafi verið gengið frá því í einstökum atvikiðum hvernig Lífeyrissjóður sjómanna á að fjármagna þann mismun sem hér er um að ræða og þegar hefur verið lögákvæðinn.

Þessi tillaga er flutt til þess að á málinu verði tekið á Alþingi og síðan á vegum stjórnvalda og hagsmunasamtaka.

Í starfsskýrslu Sambands almennra lífeyrissjóða fyrir tímabilið frá 19. nóvember 1981 til 7. október 1983 er fjallað ítarlega um þessi mál og verður sá kafli skýrslunnar birtur hér að lokum í þessari greinargerð:

#### „Ellilífeyrir sjómanna.

Sú breyting var gerð á lögnum um Lífeyrissjóð sjómanna, 22. maí 1981, að sjóðfélagar, sem stundað hafa sjómennsku í 25 ár eða lengur, geta hafið töku ellilífeyris frá 60 ára aldri, enda hafi þeir verið lögskráðir á íslenskt skip eigi skemur en 180 daga að meðaltali á ári. Á

sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku ellilífeyris frá 62 ára aldri. Ekki er skilyrði að viðkomandi sjóðfélagi sé hættur sjómennsku þegar hann hefur töku ellilífeyris hjá sjóðnum.

Rekja má ástæður fyrir lagabreytingu þessari til kjarasamninga Farmanna- og fiskimannasambands Íslands í desember 1980. Í tengslum við lausn þeirra kjarasamninga gaf þáverandi ríkisstjórn út yfirlýsingu þar sem þess er getið að stjórnvöld muni kanna hvort eðlilegt sé í tengslum við lækkun lífeyrisaldurs sjómanna hjá almannatryggingum að sama regla gildi hvað varðar rétt sjómanna í lífeyrissjóðum og hvaða kostnaðarauka slíkt mundi hafa í för með sér.

Í umræðunum á Alþingi vorið 1981, þegar lögum um Lífeyrissjóð sjómanna var breytt á þá leið að sjómenn gætu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, hafið töku ellilífeyris allt frá 60 ára aldri, vakti athygli að alþingismenn virtust ekki hafa fjallað um þann gífurlega kostnaðarauka sem slík breyting hefði í för með sér, né hvaða aðili ætti að taka að sér að greiða þennan kostnað. Hins vegar hefðu alþingismenn væntanlega átt að geta gert sér grein fyrir því að ef ekki væri gripið til einhverra ráðstafana til að mæta kostnaðarakanum stefndi fljótlega að gjaldþroti sjóðsins. Nú er það svo að ekki greiða allir sjómenn til Lífeyrissjóðs sjómanna því að eftirtaldir SAL-sjóðir hafa sjómenn innan sinna vébanda: Lsj. Vestfirðinga, Lsj. Bolungarvíkur, Lsj. verkamanna, Hvammstanga, Lsj. stéttarfélaga í Skagafirði, Lsj. Austurlands og Lsj. Vestmanneyinga. Því var ljóst að með þessari lagabreytingu á Lífeyrissjóði sjómanna hafði jafnframt tekist að búa svo um hnútana að sjómenn innan SAL-sjóðanna byggju við lakari ellilífeyrisrétt en aðrir sjómenn.

Eflaust hefðu ofangreindir SAL-sjóðir getað breytt reglugerðum sínum til samræmis við Lífeyrissjóð sjómanna, en slíkt hefði verið algjört ábyrgðarleysi og stefnt gjaldþoli sjóðanna í mikla óvissu og haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér.

23. nóvember 1981 var haldinn fundur hjá SAL með fulltrúum þeirra SAL-sjóða sem hafa sjómenn innan sinna raða. Á þeim fundi var óskað eftir því við SAL að viðræður hæfust við stjórnvöld um þann vanda sem aðildarsjóðir SAL ættu við að etja vegna áður nefndra breytinga á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna.

Að tillögu SAL ákvað þáverandi tryggingamálaráðherra að skipa nefnd þann 19. mars 1982 til að kanna lífeyrisrétt sjómanna sem greiða til SAL-sjóðanna með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á lífeyrisrétti sjómanna sem greiða til Lífeyrissjóðs sjómanna. Í nefndinni áttu sæti: Hrafn Magnússon frá SAL, Kristján Guðjónsson frá Lsj. sjómanna og Jón Sæmundur Sigurjónsson deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði álit 8. júní 1982. Í niðurstöðum álitsins er bent á 3 leiðir:

Í fyrsta lagi að iðgjöld verði reiknuð upp á nýtt varðandi sjómenn og látin standa undir þeim kostnaði sem þeim er ætlað að bera.

Með tilliti til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 6. des. 1980 hafi stjórnvöld tekið á sig ábyrgð á þeim kostnaðarauka sem slík lagabreyting hefði í för með sér. Kostnaðurinn félli því á ríkissjóð.

Lögum um Lífeyrissjóð sjómanna verði breytt í sama horf og áður, enda næðist ekki samkomulag um aðrar leiðir.

Í tengslum við lausn kjarasamninga FFSÍ í ágúst 1982 gaf fjármálaráðuneytið út yfirlýsingu þess efnis að sett yrði á laggirnar nefnd aðila og ríkisvalds er skili álit fyrir árslok 1982. Verkefni nefndarinnar verði m. a. að kanna þann kostnaðarauka sem það hefði í för með sér að lækka ellilífeyrisaldur sjómanna í lífeyrissjóðunum. Auk þess var tekið fram í yfirlýsingunni að ríkisstjórninni sé ljóst að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til að lífeyrissjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar vegna lækkunar á lífeyrisaldri sjómanna í 60 ár.

Í bréfi SAL til þáverandi fjármálaráðherra, dags. 10. september 1982, var lögð áhersla á að nefnd þessi verði skipuð og að viðræður milli SAL og stjórnvalda gætu hafist hið allra fyrsta.

Í bréfi SAL til fjármálaráðherra var eftirfarandi áréttað:

Ekki kom til greina að sjómenn almennu lífeyrissjóðanna búi við lakari lífeyrisrétt en sjómenn í Lífeyrissjóði sjómanna.

SAL-sjóðirnir geti ekki frekar en Lífeyrissjóður sjómanna mætt þessum kostnaðarauka, nema til komi sérstakar ráðstafanir af hálfu stjórnvalda.

Þar sem í almennu sjóðunum sé jafnt landverkafólk sem sjómenn sé óframkvæmanlegt að iðgjaldaprósentan sé hærri fyrir sjómenn en fyrir landverkafólk. Slíkt hefði í för með sér tvískiptingu almennu sjóðanna sem síst væri til einföldunar og í raun óframkvæmanlegt. Auk þess væri ósanngjarnt að þeir sjómenn, sem aldrei gætu náð ellilífeyrisrétti við 60 ára aldur, greiddu viðbótariðgjöld án þess að um aukinn rétt væri að ræða.

SAL teldi því eðlilegast að stjórnvöld tækju á sig ábyrgð á þessum kostnaðarauka, ekki síst þar sem stjórnvöld hefðu stuðlað að þessum breytingum á lögum um Lsj. sjómanna án þess að gera sér grein fyrir þeim kostnaðarauka sem slík ráðstöfun hefði í för með sér.

Í margnefndri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. des. 1980 kom fram að ríkisstjórnin muni í samráði við hagsmunaaðila beita sér fyrir því að þeir sem sjómennsku stunda verði tryggðir í einum lífeyrissjóði. SAL benti á að þróunin virtist frekar vera í þá átt að svæðissjóðir tryggðu sjómenn, sbr. Vestmannaeyjar, Vestfirðir, Norðurland vestra og Austurland. Kröfur hefðu m. a. komið fram hjá verkalýðsfélögum úti á landi um að sami háttur yrði hafður á, t. d. á Suðurnesjum og á Húsavík.

Þann 6. desember 1982 var loks skipuð nefnd til að fjalla um lífeyrismál sjómanna. Í nefndinni eiga sæti: Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri, formaður nefndarinnar, Bolli Héðinsson, tilnefndur af FFSÍ, Guðjón Ármann Einarsson, tilnefndur af VSÍ, Guðmundur Hallvarðsson, tilnefndur af ASÍ, Hermann Þorsteinsson, tilnefndur af VMS og Hrafn Magnússon, tilnefndur af SAL.

Nefndin hefur aðeins haldið tvo fundi, 20. des. 1982 og 25. apríl 1983. Á fyrsta fundi nefndarinnar kom fljótlega í ljós afstaða stjórnvalda, þ. e. að ríkisvaldið teldi sér ekki fært að bera kostnað af lækkun lífeyrisaldurs sjómanna. Því væri sýnt að ekki fengist niðurstaða í nefndinni og þar af leiðandi væri eðlilegast að hún lyki störfum. Á seinni fundi nefndarinnar kom ekkert nýtt fram sem máli skiptir og er því þetta mál í mikilli óvissu.

Rétt þykir þó að taka fram að á s. l. voru greiddar 5 m. kr. úr gengismunarsjóði til lífeyrissjóða sjómanna og var hlutdeild SAL-sjóðanna, sem hafa sjómenn innan sinna vébanda, um 1,2 m. kr. Fyrirhugað er að svipuð upphæð komi nú í haust úr gengismunarsjóði til lífeyrissjóða sjómanna. Ákvörðun stjórnvalda að greiða lífeyrissjóðunum úr gengismunarsjóði er að sjálfsögðu ófullnægjandi, og slíkt fjárframlag án nokkurra skuldbindinga af hálfu lífeyrissjóðanna er í raun og veru fáránleg ráðstöfun. Varla er hægt að ætlast til að lífeyrissjóðirnir rýmki ellilífeyrisréttindi sjómanna með hliðsjón af þessum greiðslum, enda er engin trygging fyrir því að slík framlög verði reglulegur tekjustofn lífeyrissjóðanna. Stjórnvöld verða því að leita annarra leiða til að leysa fjárhagsvandamál lífeyrissjóða sjómanna.

Í hnotskurn er núverandi ástand þessara mála þannig:

Lífeyrissjóður sjómanna greiðir ellilífeyri frá 60 ára aldri og verður því með þeim hætti gengið á höfuðstól lífeyrissjóðsins ef lítið er nokkur ár fram í tímann. Tilviljanakenndar greiðslur úr gengismunarsjóði leysa í þeim efnum ekki vandamál Lífeyrissjóðs sjómanna.

Mikill þrýstingur er eðlilega á forráðamenn SAL-sjóðanna sem hafa sjómenn innan sinna vébanda að sjómenn, hvar sem þeir búa á landinu, njóti sambærilegs lífeyrisréttar og sjómenn í Lsj. sjómanna.

Til að lægja óánægjuraddir sjómanna ákvað stjórn Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga á fundi sínum 21. október 1982 að hefja greiðslur ellilífeyris til sjómanna með sama hætti og Lífeyrissjóður sjómanna og skuldfæra greiðsluna á ríkissjóð. Á fulltrúafundi sjóðsins, 24. október 1982, var samþykkt samhljóða að breyta reglugerð sjóðsins til samræmis við þær breytingar sem gerðar höfðu verið á Lífeyrissjóði sjómanna hvað varðar rétt til tóku ellilífeyris frá 60 ára aldri. Var stjórn sjóðsins falið að koma þessari reglugerðarbreytingu í höfn í samráði við aðra aðildarsjóði SAL sem hafa sjómenn innan sinna vébanda. Samkvæmt beiðni SAL hefur ekki endanlega verið gengið frá reglugerðarbreytingu þessari, heldur mun sjóðsstjórnin bíða eftir frekari framgangi málsins.

Í dag njóta 14 sjómenn þessa lífeyris frá Lífeyrissjóði Vestmanneyinga og námu greiðslurnar í ágúst mánuði s. l. alls 17 252 kr. Á ársgrundvelli nema því þessar greiðslur um 207 þús. kr., en eiga örugglega eftir að aukast verulega á næstu missírum.

SAL mun nú fljótlega kanna nánar framgang þessa máls hjá núverandi ríkisstjórn og fá endanlega úr því skorið hvort stjórnvöld muni taka að sér að greiða þennan kostnaðarauka. Ef viðhorf núverandi stjórnvalda verða neikvæð er varla önnur leið út úr ógöngunum en taka mál þetta upp í næstu kjarasamningum með það í huga að viðunandi lausn fáiast á þessu vandamáli.“